

andi handiðnað, auk þess að starfa samkvæmt lögum um iðnfræðslu.

Í iðnráði skulu vera fulltrúar frá löggiltum iðngreinum. Ráðherra setur reglugerð um kosningu til þeirra og starfssvið.

15. gr.

Það varðar sektum:

1. Ef maður rekur iðnað, án þess að hafa leyst leyfi, eða leyfir öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns.
 2. Ef maður tekur að sér störf meistara, án þess að hafa leyst meistarabréf.
 3. Ef maður rekur löggilta iðngrein, án þess að hafa meistara til forstöðu.
 4. Ef maður kennir sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 9. gr.
 5. Ef maður eða fyrirtæki tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eða það eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annarri iðn en þeirri, sem hann er meistari í, eða heldur nemendur án löglegs samnings.
- Sektir renna í ríkissjóð.
Mál út af brotum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Heimilt er að dæma mann, er sekur gerist um ítrekað brot gegn lögum þessum, til missis iðnaðarleyfis og meistarabréfs, tímabundið eða jafnvel ævilangt, ef um mjög gróft brot er að ræða.

17. gr.

Óskert skulu atvinnuréttindi þeirra manna, er hlotið hafa þau samkvæmt ákvæðum um eldri laga.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 79, 13. ágúst 1971.

Gjört í Reykjavík 18. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú er beiðst þinglýsingar á skjali, er varðar afhending eigna, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og er eigi sannað, að leyfis sé aflað. Skal þá synja þinglýsingar, uns sönnur eru færðar á að leyfi sé veitt.

2. gr.

Orðin „borist skýrsla samkvæmt 3. gr., eða hann hefur á annan hátt“ í upphafi 4. gr. sömu laga falli brott.

3. gr.

4. gr. 2. málsg. orðist svo:

Ákvörðun sinni um þetta efni lætur ráðherra þinglýsa á varnarþingi fasteignar svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum sem undirritaður var í Bonn 11. október 1977. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningurinn hefur verið fullgiltur skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 10. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Einar Ágústsson.